

Nefndarsvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
101 Reykjavík



Reykjavík 26.10.2022

**Dýraverndarsamband Íslands sækir hér með um styrk til eftirfarandi verkefna:**

1. Brýnt er að ráða starfsmann í fulla stöðu þar sem málefni sambandsins í málaflokki dýravelferðar eru viðamikil og verkefnin mörg.

Við sækjum því hér með til háttvirtrar fjárlaganefndar Alþingis um styrkveitingu að upphæð kr. 5.250.000-

Dýraverndarsambandið (DÍS) var stofnað árið 1914 og hefur unnið mikið verk í þágu velferðar dýra í landinu. Sambandið er sameiginlegur vettvangur þeirra sem vilja stuðla að velferð dýra, villtra og taminna, búfjár og gæludýra. Það leggur áherslu á miðlun upplýsinga og fræðslu en lætur sig varða allt það sem snertir bættu meðferð dýra og velferð þeirra.

DÍS eru frjáls félagasamtök sem starfa á landsvísu, rekin á félagsgjöldum og styrkjum almennings, en hafa ekki fengið styrk frá hinu opinbera, enn sem komið er. DÍS á fulltrúa í fagráði um velferð dýra, er aðili að Norræna dýraverndarráðinu (Nordisk Dyrebeskyttelsesråd) og að Alþjóðasamtökum um verndun dýra (World Animal Protection). Sambandið er einnig aðili að Landvernd.

Ný stjórn tók við hjá DÍS á aðalfundi þann 07.08.22 og vinnur að uppbyggingu og eflingu þessa aldargamla félags.

Í von um jákvæð viðbrögð og afgreiðslu,

Virðingarfyllt,

*Linda Karan Gunnarsdóttir*

formaður DÍS